

## AUGLÝSING

### um breytt deiliskipulag fyrir Selvogsbraut 3 til 5, Þorlákshöfn.

Samkvæmt 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 11. janúar 2001 samþykkt breytt deiliskipulag fyrir lóðirnar Selvogsbraut 3 til 5 í Þorlákshöfn.

Fram kemur að breytt er frá samþykkt fyrir fjögurra íbúða raðhúsi á byggingarreitnum í fimm íbúða raðhús og byggingarreitur stækki við það. Samþykkt var að gatan að húsunum breikki um 1 metra. Aðkeyrslan að Selvogsbraut 1, sem var fyrir norðan lóðina, færir til austurs og verði frá tengigötu milli Selvogsbrautar og Reykjabrautar. Það svæði, sem aðkeyrslan var um, verði tekið undir gestabílastæði fyrir lóðina.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 29. janúar 2001.*

Byggingar- og skipulagsfulltrúi Sveitarfélagsins Ölfuss,

**Sigurður Jónsson.**